

Nd.

724. Frumvarp til laga

[302. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár erfðafjár sjóðs.

Flm.: Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Ólafur Óskarsson, Páll Pétursson,
Sigurlaug Bjarnadóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Karvel Pálmason, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Frá og með 1. jan. 1979 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 27. júní 1921, sbr. lög nr. 50 26. maí 1972, og arfur samkv. VIII. kafla laga nr. 8 14. mars 1962 renna í sérstaka sjóði sem nefnast erfðafjár sjóðir og stofnaðir verða í öllum kaupstöðum og sýslufélögum landsins.

Borgar- og bæjarstjórnir og sýslunefndir annast vörslu erfðafjár sjóða og taka ákvörðun um ráðstöfun á fjármagni þeirra innan þeirra marka, sem lög þessi heimila.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjár sjóði, skal varið til þess að koma upp heimilum fyrir öryrkja og gamalmenni, svo og vinnuaðstöðu fyrir þá, sem vinnufærir eru. Þá er heimilt að verja fé sjóðanna til þess að koma upp barnaheimilum, einkum heimilum fyrir fötluð eða vangefin börn.

Heimilt er einnig að veita félögum eða einstaklingum styrki og lán úr sjóðunum í sama skyni.

3. gr.

Innheimtumenn ríkisins greiði sjóðunum erfðafjárskatt þann er til fellur í umdæmum þeirra mánaðarlega, og skal senda skilagrein til ríkisbókhalds eins og fyrir öðrum innheimtum tekjum.

Lögheimili arfláta við fráfall ræður hvert erfðafjárskattur rennur. Ef um er að ræða leyfi til setu í óskiptu búi, ræður lögheimili eftirlifandi maka við fráfall hans.

4. gr.

Sendi skal félagsmálaráðuneytinu og ríkisendurskoðuninni árlega reikninga sjóðanna svo og nákvæma skrá um ráðstöfun fjármagns þeirra. Verði féð notað eða því ráðstafað til annarra þarfa en lög þessi gera ráð fyrir, skal félagsmálaráðuneytið láta stöðva greiðslur til viðkomandi sjóða, en taka féð í sína vörslu uns úr hefur verið bætt.

Sama gildir, ef reikningum og skilagrein um ráðstöfun fjárens er ekki skilað á eðlilegum tíma eða ekki er sinnt athugasemdum ráðuneytisins eða ríkisendurskoðunarinnar.

5. gr.

Ekki er heimilt að hefja greiðslur úr sjóðunum fyrr en viðkomandi sveitarstjórnir hafa sett þeim skipulagsskrár og þær staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 frá 30. jan. 1952 og síðari breytingar á þeim lögum, svo og öll önnur lagaákvæði sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé því, sem runnið hefur til erfðafjár sjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skal ráðstafað samkvæmt lögum nr. 12 frá 30. jan. 1952.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er greiðist skattur af öllum dánarbúum, sem ná ákveðinni lágmarkseign, erfðafjárskattur. Erfðafjárskattur er mishár, frá 5% af fyrstu 200 þús. kr. erfð til niðja og upp í 50% af arfi, þegar um útarf er að ræða. Þá falla til erfðafjár sjóðs þeir fjármunir dánarbúa, sem erfingjar finnast ekki að.

Eftir gildandi lögum rennur erfðafjárskattur til erfðafjár sjóðs, sem er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og er ráðstafað að fengnum tillögum hennar eftir ákvörðun félagsmálaráðuneytisins. Fé þessu hefur að mestu leyti verið varið til félagssamtaka, sem vinna að uppbyggingu mikilvægra þjónustustofnana, einkum fyrir fólk, sem er fatlað að einhverju leyti eða með skerta starfsgetu. Reyndin hefur orðið sú, að þessar stofnanir hafa nær einvörðungu risið á höfuðborgarsvæðinu. Þangað hefur fé sjóðsins runnið og þangað leitar þá um leið það fólk, sem þarf á vistrúmi að halda í stofnunum af þessu tagi. Þörfin fyrir slíkar byggingar á höfuðborgarsvæðinu verður þá alltaf meiri og meiri, fjárþörfin brýnni og ekkert verður eftir af fé sjóðsins til uppbyggingar úti á landsbyggðinni.

Vegna hinna miklu fólksflutninga úr sveitum og raunar úr byggðum landsins til fárra þéttbýlisstaða, aðallega við Faxaflóa, kemur það oft fyrir, að mikið af arfi og mjög oft allur arfur fellur til fólks, sem býr ekki í heimahéraði arfláta, sem þá hefur einn orðið eftir eða af tryggð haldið heimili sínu í ættarbyggð sinni. Þannig hafa orðið gifurlegir fjármagnsflutningar frá landsbyggðinni til nokkurra þéttbýlisstaða, einkum við Faxaflóa.

Erfðafjárskatturinn er því oft á tíðum það eina úr dánarbúum, sem getur orðið eftir í heimahéraði, en þó því aðeins að ákvæðum laga um ráðstöfun erfða-

fjárskatts sé breytt í það horf, sem lagt er til með þessu frumvarpi. Hér er lagt til, að erfðafjárskattur, sem til fellur í hverju lögsagnarumdæmi landsins, renni þar í sérstakan sjóð, sem varðveittur sé í heimahéraði og gangi þar til uppbygging- ingar á aðstöðu fyrir fatlað fólk, gamalt fólk og börn, einkanlega ef um þroska- heft börn er að ræða. Með þessu móti væri það tryggt, að alltaf yrði þó eitthvað eftir í heimahéraði af því fé, sem þar er aflað, þegar skipti verða á dánarbúum. Þörfin fyrir þetta fé heima fyrir er víðast ærin. Á nokkrum stöðum á landsbyggð- inni eru til elliheimili, en áform uppi um byggingu þeirra annars staðar. Á sumum þessum heimilum eru möguleikar til að taka við fólguðu fólki, en víðar skortir þó breytingar til þess að aðstaða þess geti verið nægilega góð. Slíkri aðstöðu þarf að gera ráð fyrir við byggingu nýrra heimila. Fjármagn skortir hins vegar mjög til þessara framkvæmda.

Komist þær breytingar fram, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er ekki á nokkurn hátt verið að vinna gegn hagsmunum Reykvíkinga eða þéttbýlissvæðanna við Faxa- flóa. Í fyrsta lagi getur það naumast verið keppikefli fyrir Reykjavík að draga til sín meginhlutann af öryrkjum og gamalmönnum landsins. Og í öðru lagi er rétt- mætt að þeirri skerðingu, sem verða kann á framlögum erfðafjár sjóðs til þýðingar- mikilla framkvæmda á því svæði, verði mætt með öðrum hætti.

Hinn mannlegi þáttur þessa máls má ekki gleymast. Flestum þeim, sem þurfa að dveljast langdvölum í húsnæði, sem sérstaklega er byggt upp fyrir öryrkja eða gamalt fólk, er kærara að geta notið þeirrar aðstöðu í heimabyggð heldur en fjarri sínum heimakynnum. Tengslin við kunnugt umhverfi, vini og venslafólk gefur lífinu gildi, sem ekki er auðfengið annars staðar.